

Íblöndunarefni í hey

Til að framleiða mjólk og kjöt á hagkvæman hátt er gott gróffóður alltaf grunnurinn. Margt margt hefur áhrif á það hvort gæðin verða eins og best verður á kosið en í langflestum tilfellum hefur bóndinn tæki og tól til að bregðast við og gera þannig besta mögulega fóðrið úr hráefninu. Plöntutegundir í túnnum eru misheppilegar og ekki allar tegundir passa saman í einu túni vegna mismunandi þroskaferils þeirra. Almenn er þó reglan að með auknum þroska plantna minnkar næringargildið, próteinið minnkar, trénið eykst, meltanleikinn minnkar og þar með orkugildi fóðursins. Það er aðeins misjafnt milli tegunda hversu hratt breytingar verða eftir skrið en oftast má ganga út frá vísu að við skrið (rétt eftir) sé best að slá. Það er þó mjög mikilvægt að slá alls ekki of snemma því tréni, sem eykst eftir því sem líður á sprettutíma grasanna, verður að vera í nægjanlegu mæli fyrir jórturdýr. Gripir sem eru fóðraðir á of litlu tréni skila ekki þeim afurðum sem við viljum og geta jafnvel orðið veikir sé gefið mikið kjarnfóður með (á sérstaklega við um mjólkurkúr).

Verkun fóðurs

Algengasta verkunaraðferðin sem við notum er að lækka sýrustig heyjanna niður fyrir þau mörk sem örverur geta fjölgað sér í og takmarka þeim aðgang að súrefni. Þetta ferli er orkufrekt og verður því svokallað verkunartap við sýringuna. Það þýðir að hluti fóðurorkunnar eyðist í gerjunarferlið og nær aldrei inn á fóðurganginn til fóðrunar.

Sé hey forþurrkað svolítið, ekki hirt í morgundögg og nægur sykur í plöntunum eru góðar líkur á að verkun takist vel án íblöndunar. Mjólkursýrubakteríur eru um allt á grösunum í túninu. Þetta eru góðar bakteríur sem við viljum gjarnan að fjölgi sér í rúllum/stæðum því þær lækka sýrustigið eins og áður sagði. Það er þó ekki sjálfgefið að þeim takist að fjölga sér nóg til að lækka sýrustigið en til þess þurfa þær næga orka sem þær fá úr plöntusýkrinum. Sé hann af skornum skammti lækkar sýrustigið ekki nóg og annarskonar gerjun fer í gang s.s. smjörkýrgerjun sem gerir heyið mjög ólystugt og jafnvel eyðileggur alveg. Þessi slæma gerjun veldur því einnig að fóðrið verður orkuminna og með lægra AAT gildi en annars hefði verið.

Eftir því sem hey eru blautari við hirðingu eykst þörfin fyrir íblöndunarefni til að tryggja góða verkun. Grænfóður er dæmi um fóður sem í flestum tilfellum ætti að nota íblöndunarefni við verkun, það svo blautt að erfitt er að reikna með réttu gerjun án utanaðkomandi aðstoðar. Oft er heyið það blautt að gerlaíblöndun ein og sér dugir ekki og nota þarf sýrur (kemísk efni). Heysýni segja okkur svo skýrt að þetta er raunin, sérstaklega með blautt grænfóður.

Íblöndunarefni

Líta má á íblöndunarefni sem einskona tryggingu. Stundum þurfum við á henni að halda og stundum ekki. Einhver árin mun búið sleppa við áföll í heyskap en árið sem eitthvað kemur upp á höfum við í það minnsta efnið sem munu gera besta mögulega fóðrið úr heynu sem næst af túnunum.

Í stuttu máli má segja að íblöndunarefni skiptist í tvo flokka, kemísk efni og gerlar. Bakteríurnar eru hættuminni kosturinn í umgengni. Þær eru þægilegar í meðhöndlun og geymast þurrkaðar í lofttæmdum umbúðum en er síðar blandað út í vatn (hitastig skiptir máli) fyrir notkun. Hey þarf að vera orðið um 30% þe. til að bakteríurnar ráði örugglega við að sýra fóðrið.

Við aðstæður sem eru aðeins meira krefjandi eins og þegar rignir í slegið fóður, eða það hefur verið slegið mjög blautt, í bleytu og ekki mikill plöntusykur til staðar, hafa athuganir í Noregi sýnt fram á að öruggara sé að nota kemísk íblöndunarefni. Bakteríurnar hafa einfaldlega ekki næga orku (plöntusykur) til að vinna vinnuna sína í svona aðstæðum. Í svona blautu fóðri líður smjörkýrubakteríunum vel en eftir því sem heyið þornar hentar það þeim verr. Það eru kemísku efnin s.s. sýrur sem henta best til að varðveita litla sykurnihaldið sem



Mynd 1: Hér má sjá rúlluvél með tank fyrir íblöndunarefni

þó er til staðar, minnka próteinniðurbrot og halda orku- og AAT gildinu hærra en annars. Kemísku efnin hafa þó þann ókost að vera hættulegri í umgengni og fara verr með vélarnar.

Þrátt fyrir að fóður sé forþurrkað, jafnvel allt að 50% þe. hafa norskar rannsóknir sýnt fram á að ávinningur sé af því að nota íblöndunarefni sérstaklega ef geyma þarf fóðrið fram á vorið. Mygluvarnarefni eru oftast notuð við þessar aðstæður en hún lifir best í þurrara fóðri.

Að lokum

- Íblöndunarefni eiga alltaf rétt á sér en eru ekki eins nauðsynleg ef hey er mikið þurrkað og gera lítið sem ekkert í mjög þurru heyi.
- Hey sem er 25% þe eða minna ætti að blandast með kemískum efnum.
- Bæði gerlar og kemísk efni henta í fóður sem er komið yfir 30% þe.
- Þegar valin eru gerlaíblöndunarefni er gott að velja efni með bakteríum sem framleiða einnig edik og/eða própíónsýru. Það hefur sýnt sig að gæðin verða betri og heildamagn sýra minna.

Stærstu þjónustuaðilar landbúnaðarins selja flestir íblöndunarefni ef marka má stutt rennsli á Internetinu. Þar má nefna Lífland, Fóðurlönduna, Bústólpa, Landstólpa, Sláturfélag Suðurlands, Jötunn vélar og eflaust fleiri. Í einhverjum tilfellum selja nokkrir aðilar sömu tegundina. Við val á efni ætti að hafa í huga það sem kemur fram hér að framan um hvort efnin séu kemísk eða innihaldi eingöngu gerla (bakteríur) en eins og áður sagði eru það gerlaefnin sem eru miklu algengari hérlandis. Einnig ætti að skoða magn gerla í blönduðu lausninni. Passa svo að fylgja leiðbeiningum á hverju efni fyrir sig fyrir notkun, ekki er alltaf notast við sömu hlutföll í blöndun.

Guðfinna Lára Hávarðardóttir og
Berglind Ósk Óðinsdóttir
Ráðunautar í fóðrun hjá RML